

Íslenskur iðnaður

SI 01. tbl. 14. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Janúar 2008

Fundur um konur í iðnaði

Samtök iðnaðarins standa fyrir opnum fundi á Hótel Borg 12. febrúar næstkomandi um stöðu kvenna í iðnaði. Fundurinn hefst klukkan 8.00 með morgunverði í boði SI. Dagskráin hefst klukkan 8.30 og lýkur klukkan 10.30.

Fundurinn er liður í því starfi SI að kanna hlut kvenna í starfi og stjórn aðildarfyrirtækja sinna. Iðnfyrirtæki vantar starfsfólk og í konum er að finna gríðarlegan mannauð sem fyrirtæki ættu að geta nýtt sér. En þegar skoðað er hlutfall karla og kvenna meðal framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og starfsmannastjóra í fyrirtækjum innan SI kemur í ljós að karlmenn eru í miklum meirihluta í stjórnendastöðum, sérstaklega í stærstu fyrirtækjunum. Þess vegna vilja Samtök iðnaðarins velta upp spurningum á borð við: Af hverju sækja konur ekki í iðngreinar? Hvernig snýr umhverfi iðnfyrirtækja að konum? Hvað þarf til að konur sækji meira í iðnað?

Á fundinum taka til máls Aðalheiður Héðinsdóttir, stjórnarmaður í SI, Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur, Gyða Margrét Pétursdóttir, doktorsnemi í kvennafræðum og Auður Hallgrímsdóttir, fjármálastjóri Járnsmiðja Óðins. Auk þeirra kemur fram Helga Braga Jónsdóttir leikkona.

Að erindum loknum verða pallborðsumræður með þátttöku Birnu Pálu Kristinsdóttur framkvæmdastjóra hjá Alcan og Karenar Kristjónu Emilsdóttur verkfræðings hjá Ístaki ásamt fyrirlesurum. Fundarstjóri og spyrill er Erna Indriðadóttir.

Hljóðver og upptökustjórar snúa bökum saman



Nýkjörnin stjórn Samtaka hljóðvera og upptökustjóra. Frá vinstri: Valgeir Sigurðsson, Páll Ólafsson, Asgeir Guðmundsson, Barði Jóhannsson og Birgir Jón Birgisson.

Samtök hljóðvera og upptökustjóra – SHU voru stofnuð 16. þessa mánaðar og hafa gengið í lið með Samtökum iðnaðarins þar sem þau munu starfa sem starfsgreinahópur.

Fyrirtæki í þessari grein hafa verið eflast á undanförunum árum, m.a. með vaxandi tónlistar- og kvikmyndaiðnaði hér á landi og fylla nú á þriðja tug.

Hugmyndir um stofnun samtaka hljóðvera og upptökustjóra hafa verið uppi um nokkurt skeið og mikill vilji til að efla samvinnu fyrirtækja og einstaklinga í geiranum. Í september sl. stóðu Útflutningsráð, ÚTÓN og Samtök iðnaðarins fyrir tveggja daga stefnumótunarfundi með eigendum og starfsmönnum hljóðvera á Íslandi. Markmið fundarins var að fjalla um hugsanleg samstarfs hljóðvera á Íslandi við markaðssókn þeirra erlendis og í kjölfarið var ákveðið að stofna samtök hljóðvera og upptökustjóra.

Eitt af þeim verkefnum, sem hin nýju samtök standa frammi fyrir, er að skapa hér á landi skilyrði til að taka að sér

hljóðvinnslu fyrir erlenda aðila í tónlist og kvikmyndaiðnaði.

Stofnfundurinn var haldinn í húsakynnum SI að Borgartúni 35 og var vel sóttur.

Framhald bls. 3

SI

Samtök iðnaðarins

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 6. mars

Árshóf Samtakanna verður haldið föstudaginn 7. mars á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 19.30

bls. 2



Verðug verkefni

bls. 3

SI

IÐNÞING
2008

bls. 4 - 5

LYSI

Lýsi
70 ára

bls. 7



Gæðastjórnun og
IST 30



Gott til
endurvinnslu

Verðug verkefni

Við tímamót er oft gott að staldra við og hyggja að því sem framundan er. Samtök iðnaðarins standa á gömlum merg og hefur vaxið mjög ásmegin hin síðari ár. Helst það í hendur við miklar breytingar, framfarir og aukin umsvif iðnaðarins. Að sama skapi verða viðfangsefni þeirra fjölbreyttari og oft á tíðum flóknari. Hagsmunir aðildarfyrirtækjanna eru ólíkir innbyrðis og breytast frá einum tíma til annars.

Fjölbreytni skapar styrk

Samtök iðnaðarins eru félagsskapur um 1.100 fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Innan vébanda þeirra eru einyrkjar en þar eru líka mörg stærstu fyrirtæki landsins með mörg hundruð eða þúsundir manna að störfum um víða veröld. Sum selja afurðir sínar einungis innanlands en önnur eingöngu til útlanda, og allt þar á milli. Rekstrarsvið fyrirtækjanna er að sama skapi fjölbreytt. Það gefur því augaleið að það er að mörgu og ólíku að hyggja. Þrátt fyrir margbreytileikann er fjölmargt sem sameinar og á því byggja Samtök iðnaðarins tilveru sína.

Stöðugleiki, vöxtur og arður

Öll iðnfyrirtæki þarfnast sama grundvallar til að vaxa, dafna og skila eigendum sínum og samfélaginu arði. Stöðugleiki verður að ríkja í efnahagslífinu, vöxtur vera jafn og öruggur og starfsskilyrði, sem eru í valdi stjórnvalda, eins hagfelld og kostur er. Undanfarin ár hafa íslenskur iðnaður og atvinnulíf tekið stakkaskiptum. Vöxtur hefur verið mikill og alþjóðavæðing atvinnulífsins verið hröð. Þó að vel hafi gengið er langt í frá að tekist hafi að tryggja stöðugleika. Ekki þarf að fjölyrða um sveiflur í gengi krónunnar, óbærilega háa vexti, verðbólgu og viðskiptahalla. Hér er sannarlega ekki um auðvelt verkefni að ræða og engin skyndilausn tiltæk. Þess vegna er nauðsynlegt að marka stefnu til langs tíma og fækka áhættuþáttum. Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir því að Ísland gangi í Evrópusambandið og taki upp evru. Því fyrr sem ákvörðun er tekin því betra. Ef sífellt er frestað að leggja af stað komumst við aldrei á leiðar enda.

Verðmætasköpun

Samhliða því að tryggja efnahagslegan stöðugleika þarf að huga að þeim innviðum sem við þörfumst til þess að standa áfram í fremstu röð hvað lífskjör varðar. Þar á að hafa að leiðarljósi að stefna að sem mestri verðmætasköpun, að hver vinnandi hönd hafi verkefni sem krefjast verk- og hugvits. Við eigum erfitt með að keppa við önnur ríki í suðri og austri um vinnuafslreka starfsemi þar sem virðisauki byggist í ríkum mæli á mun lægri launum en okkur hugnast. Tækifæri okkar felst í því að nýta náttúruauðlindir og mannauð með skynsamlegum hætti. Alþjóðavæðingin felur í sér mikil tækifæri sem við getum nýtt okkur ef rétt er á spilum haldið.

Nýsköpun og endurnýjun

Hagsæld og velferð hvers þjóðfélags er reist á getu til

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI



nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Skapa þarf skilyrði til að okkur takist að hasla okkur völl á nýjum sviðum en ekki síður að endurnýja og bæta það sem fyrir er. Þess vegna hafa Samtök iðnaðarins verið óþreytandi að tala fyrir framförum á þessum vettvangi og nægir í því sambandi að nefna baráttu fyrir tilurð og eflingu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Tækniþróunarsjóðs. Nýsköpun er þolinmæðisverk og tekur langan tíma. Mikilvægt er að sýna úthald og festu ef viðunandi árangur á að nást. Hér má gera enn betur. Forðast ber umræðu um að eitt sé betra en annað þegar atvinnurekstur á í hlut. Allur arðbær, virðisaukandi rekstur, sem fylgir settum leikreglum, er jafngildur. Því meiri fjölbreytni þeim mun betra.

Hug- og verkvit

Menntun er og verður undirstaða framfara. Þar þarf að gera enn betur en hingað til. Hefja þarf til vegs og virðingar iðn-, verk- og tækninám, sem er ekki síður mikilvægt en annað nám. Það er ánægjulegt að í frumvarpi til nýrra laga um framhaldsskóla er verk- og bóknám gert jafngilt. Samtök iðnaðarins láta menntamála sig miklu varða og má benda á að þau unnu að því að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík og eru þar hluthafar. Í samvinnu við verkalyðshreyfinguna hafa Samtökin byggt upp myndarlegt fræðslusetur, IÐUNA, sem sinnir sí- og endurmenntun margra iðngreina. Þá eru miklar vonir bundnar við að samningar takist við menntamálaráðuneytið um sameiningu og rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands.

Virkar umræður

Vissulega eru mörg fleiri verkefni sem vinna þarf. Má þar nefna breytingar sem aukin atvinnuþátttaka útlendinga hefur í för með sér. Í iðnaði hallar mjög á annað kynið og nauðsynlegt að leita leiða til þess að virkja enn betur en hingað til krafta kvenna í mörgum greinum iðnaðar. Þá er ljóst að loftslagsmál, nýting orkuauðlinda og sérstaða Íslands í því samhengi mun verða ofarlega á baugi í umræðu komandi ára.

Samtök iðnaðarins vinna að því að ná árangri á öllum sviðum sem þau telja að stuðli að stöðugleika og enn meiri verðmætasköpun. Það gera þau með því að koma sjónarmiðum á framfæri og taka virkan þátt í umræðu um starfskilyrði iðnaðarins og mótun þeirra. Það gera þau einnig með því að vera vettvangur fyrirtækja með fjölbreytta hagsmuni til að móta sameiginlega stefnu. Oftar en ekki getur það verið býsna snúið verkefni en undan því víkjast Samtök iðnaðarins ekki.

Upplýsingar um Evrópusambandið



Iðning 2008 verður helgað Evrópumálunum en yfirskrift þingsins er Evrópumálin – Veljum rétta kostinn. Mikilvægt er að þekkja grunnþætti í starfi og skipulagi ESB til þess að geta rætt um kosti og galla aðilar Íslands

að ESB. Þess vegna senda Samtökin félagsmönnum sínum bæklinginn Stutt um Evrópusambandið sem Fastanefnd framkvæmdarstjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg gaf út á síðasta ári.

Vaxandi þungi er í umræðu um Evrópumál í íslensku samfélagi og hefur þar hæst borið umfjöllun um evruna. Að mati Samtaka iðnaðarins er tómt mál að ræða um að taka upp evru án þess að ganga í ESB. Í ályktun SI frá Iðningi 2007 setja Samtökin fram kröfu um að Alþingi og ný ríkisstjórn taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til alvarlegrar skoðunar og að komist verði að niðurstöðu á kjörtímabilinu. Til að svo megi verða þarf að ná sem víðtækastri samstöðu meðal stjórnmalaflokka, samtaka atvinnurekenda og launþega um stefnu þjóðarinnar í Evrópumálum. Samtök atvinnulífsins hafa einnig haft Evrópumálin til umræðu og hefur stjórn SA beint því til allra aðildarsamtakanna að taka gjaldmiðismálið til umfjöllunar.

Með því að beina kastljósinu að Evrópumálunum á komandi Iðningi fylgja Samtök iðnaðarins ályktun sinni og tilmælum stjórnar SA eftir og leggja lóð sín á vogar skálarnar til að skerpa á umræðunni og fleyta henni fram.

Rakel Pálsdóttir

Framhald af forsíðu

Á fundinum var kosin þriggja manna stjórn og tveir varamenn. Formaður var kosinn Páll Ólafsson hjá Sýrlandi ehf. Meðstjórnandi til tveggja ára Ásgeir Guðmundsson, Tankinum og meðstjórnandi til eins árs Barði Jóhannsson hjá Bang ehf. Varamenn voru kosnir Valgeir Sigurðsson, Greenhouse Studios og Birgir Jón Birgisson hjá Sundlauginni/Spons sf.

Mikill hugur var í fundarmönnum og það verður fróðlegt að fylgjast með starfsemi þessa gróskumikla hóps í framtíðinni.

IÐNING 2008

Verður haldið fimmtudaginn 6. Mars á Grand Hótel Reykjavík

KOSNINGAR

Í tengslum við Iðning fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Helgi Magnússon og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga þrír úr stjórn, þau Anna María Jónsdóttir, Laugar Spa ehf. og Ingvar Kristinsson Marel hf. Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá ehf.

Þorsteinn, Anna María og Ingvar gefa öll kost á sér til endurkjörs.

Þeir sex, sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI skv. 9. grein.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 30.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en 07. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

AÐALFUNDUR

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi.

Að þeim loknum er hádegisverður.

IÐNING

Ákveðið hefur verið að yfirskrift Iðnings að þessu sinni verði:

Evrópumálin – Veljum rétta kostinn

Dagskráin er að öðru leyti í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.

ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður að þessu sinni haldið daginn eftir þ.e. föstudaginn 7. mars á Grand hóteli Reykjavík og hefst kl. 19:30.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnings og árshófs.

Nánari upplýsingar um Iðning, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna www.si.is

SI

Samtök iðnaðarins



Framtíðin
er í okkar
höndum

LÝSI 70 ára

LÝSI ehf. fagnaði 70 ára afmæli sínu 10. janúar. Á þessum tímamótum er við hæfi að gera langri og merkri sögu þessa velþekktu fyrirtækis skil og skyggast inn í hvernig það hefur vaxið og þróast í árunna rás. Íslensku iðnaður hafði í því skyni samband við Katrínu Pétursdóttur, forstjóra LÝSIS en það er einmitt ætíun fyrirtækisins að gera samantekt á sögu fyrirtækisins auk þess að bæta við a.m.k. tveimur nýjum vörutegundum á innlendan markaði í tilefni afmælisins.

Lýsi uppspretta A og D vítamíns

Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan þeir bræður Tryggvi og Þórður Ólafssynir stofnuðu LÝSI í janúar árið 1938. Fyrstu áratugin var stór hluti framleiðslunnar seldur úr landi þar sem A og D vítamín var unnið úr þorskalýsinu. Í upphafi var lýsið selt bandaríska fyrirtækinu UP-John Ltd. en í seinni heimsstyrjöldinni sömdu ríkisstjórnir Íslands og Bretlands um að hinir síðarnefndu fengju að kaupa helming framleiðslunnar. Upp úr 1950 dró úr eftirspurn eftir þorskalýsi og markaður fyrir það var erfiður allt fram undir 1980. Ástæðan fyrir minnkandi eftirspurn fólst að hluta til í því að lækna höfðu komist að því að með því að auka hlut fjólómettaðra fitusýra í mataræðinu mætti hafa áhrif til að lækka kólesteról. Þeir ráðlögðu því að neytt væri jurtaolíu í stað fiskíolíu eða lýsis.

Erfiðum aðstæðum mætt með rannsóknar- og þróunarstarfi

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á markaði sýndi LÝSI hagnað á samdráttartíma. Breyttum aðstæðum á heimsmarkaði var mætt með rannsóknar- og þróunarstarfi. Á þessum árum var hafist handa við að



Nýsköpunarverðlaun Forseta Íslands. Frá vinstri Valur Valsson formaður úthlutunarnefndar, Katrín Pétursdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson



framleiða kaldhreinsað þorskalýsi í neytendapakningum. Um 1960 var rannsóknastofu komið á laggirnar og hafnar reglubundnar rannsóknir á þorskalýsi. Óhætt er að segja að LÝSI hefur alltaf lagt áherslu á að fylgjast með nýjungum á hverjum tíma og er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði í heiminum. Fjörtíu ára löng saga Vöruþróunar- og rannsóknadeildar fyrirtækisins á ekki síst stóran þátt í því hversu framfarlega fyrirtækið stendur á heimsvísu.

Lýsi festist í sessi sem heilsuvara

Upp úr 1980 dró til tíðinda og lýsi öðlaðist varanlegan sess á heimsmarkaði sem heilsuvara. Breytinguna má rekja til vísindagreinar þar sem greint var frá því að neysla lýsis drægi úr líkum á hjarta-

og æðasjúkdómum. Síðar hafa þúsundir vísindagreina og faraldsfræðilegra rannsókna sýnt fram á ýmis heilsusamleg áhrif ómega-3 fitusýranna, þó aðallega EPA og DHA. Í fyrstu einblíndu vísindamenn á heilsusamleg áhrif EPA á hjarta- og æðasjúkdóma. Nú hefur áhugi manna vaknað á DHA og jákvæðum áhrifum þess á meðgöngu, fóstur, þroska heila og taugakerfis og ýmsa geðræna sjúkdóma. Á sama tíma og vitneskjan um verndandi áhrif ómega-3 fitusýranna var að treystast í sessi lagði LÝSI enn frekari áherslu á rannsóknar- og þróunarstarf sitt. Árangurinn af því starfi sést einna best á því að fyrirtækið er nú leiðandi þekkingarfyrirtæki hvað varðar ómega-3 og notkun þess.

Heimamarkaður og heimsmarkaður


LÝSI byggir starfsemi sína fyrst og fremst á útflutningi sem nær til 70 landa. Fyrirtækið hefur samt alltaf sinnt vel heimamarkaði sem það hefur þróað í árunna rás og er ekki síður mikilvægur. Nú er LÝSI með yfir 50% hlutdeild á íslenska markaðnum fyrir heilsuvörur. Ýmsar neytendavörur hafa verið þróaðar og kynntar og eru seldar í innlendum smásöluverslunum. Þar má nefna Krakkalýsi, þorskalýsi með sítrónu- og ávaxtaþragði, omega-3 forte og álþynnupakningar af omega-3, omega-3 forte, Heilsutvennu, Sportþrennu og fleira. Heimamarkaðurinn hefur þannig á margvíslegan hátt verið mikilvægur þróunarvettvangur fyrir LÝSI þar sem nýjar vörur hafa verið þróaðar og reynslan síðan flutt yfir á nýja markaði.

Gæðastjórnun lykilatriði

Síðustu ár hafa að mörgu leyti markað tímamót í sögu fyrirtækisins. Sala hefur vaxið hratt og rannsóknir og þróun nýrra vara verið öflugri en nokkru sinni áður. Sem leiðandi fyrirtæki leggur LÝSI mikla áherslu á gæði og gæðastjórnun við framleiðslu vörunnar. Varan er heilsuvara, ætluð til mannelis, og því er grundvallaratriði að tryggja að varan sé eins vönduð og unnt er. Umhverfið er hafið sem umlykur Ísland, kalt og hreint, en auk þess byggist fyrirtækið á hráefni úr öðrum heimsins höfum og nýtur þar mikilvægra tengsla við sjávarútvegsfyrirtæki í mörgum löndum. Fyrirtækið fór í gegnum vottunarferli og öðlaðist bæði ISO 9001 og ISO 22000 vottun. Árið 2005 var ný verksmíðja tekin í notkun, búin fullkomnustu tækjum sem völ er á til framleiðslu lýsis. Nýjasta viðbótin er tæki til að framleiða lýsisþykki.

Leyfi til lyfjaframleiðslu

Árið 2007 var mikilvægt ár fyrir LÝSI





Nýja verksmiðjan

en þá veitti Lyfjastofnun því leyfi til að framleiða lyf. Leyfið fékkst í tveimur áföngum. Í júní var veitt GMP leyfi sem tekur til átöppunar og þökkunar tafla og hylkja í nýju verksmiðjunni en áður hafði LÝSI haft slíkt leyfi um árabil í gömlu verksmiðjunni. Í október fékkst svo GMP vottun vegna API framleiðslu sem nær til framleiðslu á hráefni til lyfjagerðar. GMP er skammstöfun á Good Manufacturing Practice og tekur bæði til stýringar á framleiðslu og gæðaeftirlits á lyfjum. Sú leyfisveiting kemur í kjölfar hinnar nýju og fullkomnu verksmiðju. LÝSI hefur lengi búið við víðtæk gæðakerfi við framleiðslu sína, var fyrsta fyrirtækið til að fá ISO vottun á Íslandi og vinnur því samkvæmt þremur gæðakerfum, GAMES, ISO og GMP. Fyrirtækið hefur byggt upp öflugan rannsóknastofu sem hefur á að skipa hámenntuðu starfsfólki. Lyfjaframleiðsluleyfin marka enn ein þáttaskilin hjá fyrirtækinu og eru mjög mikilvæg í sókn þess á erlenda markaði sem það byggir stóran hluta starfsemi sinnar á.

Útflutningsverðlaun forseta Íslands

Fleira markvert gerðist árið 2007 en þá fékk LÝSI Útflutningsverðlaun forseta Íslands fyrir afburða árangur í markaðs- og sölumálum. Valur Valsson, formaður úthlutunarnefndar, sagði meðal annars í ávarpi sínu í tilefni verðlaunaveitingarinnar: „LÝSI hf. fær verðlaunin fyrir þann einstaka árangur sem fyrirtækið hefur náð í sölu- og markaðsmálum á afurðum úr lýsi og fyrir þá framsýni sem fyrirtækið hefur sýnt í vöruþróun og eflingu þekkingar og færni á sínu sviði. Fyrirtækið er góður fulltrúi fyrir þann vaxandi fjölda íslenskra fyrirtækja sem haslar sér nú völl á alþjóðlegum neytendamarkaði með vörur og þjónustu er tengjast heilsueflingu og heilbrigðum lífsháttum.“

Framtíðin

Meginmarkmið LÝSIS er að vera áfram framúrskarandi og traustur framleiðandi vara sem bæta heilsu og auka lífsgæði. Þegar um er að ræða LÝSI eða svokallaða fiskiolíu er fyrirtækið sannarlega leiðandi á sviði rannsókna, vöruþróunar, framleiðslu og sölu.

Katrín segir uppgötvun tveggja danskra lækna Dyreberg og Bang á Omega-3 fitusýrum og virkni þeirra standa upp úr sögu undanfarinna áratuga. „Þannig var að þessir lækna höfðu nokkrum sinnum gert aðgerðir á Grænlandingum í Danmörku og í flestum tilfellum átt í erfiðleikum með að stöðva blæðingu eftir aðgerð. Þeir fóru til Grænlands til að kanna mataræði þarlandra og komust að því að meginuppistaða fæðunnar var fiskur og sjávardýrafita sem hlaðinn er af omega-3 fitusýrum. Jafnframt fundu þeir út að hjarta og æðasjúkdómar fyrirfundust varla hjá þessu fólki. Í kjölfar þessara upplýsinga hófst ferli rannsókna á Omega-3 fitusýrum og áhrifa þeirra á mannlíkamann. Í stuttu máli má segja að þúsundir rannsóknaniðurstaðna liggja fyrir og að langstærstum hluta eru þær jákvæðar. Enn er vitneskja okkar að aukast á ágæti lýsis og nú í auknu mæli verið að skoða áhrifin á heilastarfsemi og fleira.“ Katrín segir enn fremur að að fyrirtækið álfti að með aukinni vitneskju opnast fleiri markaðir og mönnum verði ljós nauðsyn þess að taka lýsi samhliða annarri fæðu. Þau sjá einnig fram á aukna notkun á lýsi í markfæði en ýmis stór fyrirtæki eru nú að skoða notkun á lýsi til íblöndunar í fæði. „Við erum bjartsýn á framtíðina enda tökum við öll lýsi hér á bæ!!“ sagði Katrín að lokum.

Framleiðendaábyrgð á raftækjaúrgang



Nýlega var lagt fram frumvarp á Alþingi um framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatæki. Um er að ræða breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Framleiðendum og innflytjendum ber að safna, meðhöndla og endurnýta raf- og rafeindatækjaúrgang og gert ráð fyrir að þeir sjái sjálfir um fjármögnun kerfisins og um skipulagningu á söfnun. Frumvarpið byggir á evróputilskipun og gengur lengra en eldri löggjöf um framleiðendaábyrgð á úrgang. Útfærslan er nokkuð önnur en verið hefur á þeim vöruflokkum sem falla undir Úrvinnslusjóð þar sem innheimta úrvinnslugjalds er í gegnum tolla og skatta. Þetta er sú útfærsla á framleiðendaábyrgð sem gengur hvað lengst í dag.

Með gildistöku frumvarpsins flyst ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá sveitarfélögum til framleiðenda og innflytjenda. Framleiðendur geta uppfyllt sínar skuldbindingu einir og sér eða saman í hóp í gegnum aðild að svokölluðu skilakerfi. Sveitarfélögum verður hins vegar skylt að taka á móti úrgangi frá heimilum án endurgjalds og geta einnig tekið á móti úrgangi frá atvinnurekstri en mega þá innheimta gjald vegna móttöku og geymslu. Gert er ráð fyrir að neytendur geti skilað úrganginum sér að kostnaðarlausu. Skipuð verður stýringnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að allir sem markaðssetja raf- og rafeindatæki hér á landi standi við sínar skuldbindingar.

Frumvarpið byggir á tillögum nefndar sem segist hafa haft að leiðarljósi við vinnuna að engir framleiðendur og innflytjendur sleppi við þátttöku í skilakerfinu, fyrirtæki hafi svigrúm og opinbert eftirlit verði í lágmarki. Enn fremur að framkvæmd við skilakerfið yrði sveigjanleg, að verðslan yrði ekki skyldaðar til að taka á móti úrsérgengnum tækjum og að ekki yrði um uppsöfnun á fjármunum að ræða í skilakerfinu heldur gegnumstreymi.

Bryndis Skúladóttir

Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja



Samhent og virk stjórn SSP einróma endurkjörin á aðalfundi SSP

Aðalfundur sprotafyrirtækja var haldinn 10. desember í húsakynnum Fjölbendis ehf. í Hafnarfirði. Formaður og aðrir stjórnarmenn gáfu allir kost á sér til áframhaldandi setu og var stjórnin einróma endurkjörin.

Stjórn og varastjórn SSP fyrir starfsárið 2008 er þannig skipuð: Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf., formaður, Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf., Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf., Gunnlaugur Hjartarson, Iceconsult ehf. og Júlíus B. Kristinsson, ORF Líftækni ehf., Baldur Þorgilsson, Kine ehf. og Haukur Alfreðsson, Matvæla-kassar ehf.

Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a. að á síðastliðin ár hefði verið á brattann að sækja en á þriðja starfsárinu hefðu verið stigin mikilvæg skref með miklum stuðningi Samtaka iðnaðarins. Markmiðið með stofnun SSP hefði verið að ná saman fólk sem rekur sprotafyrirtæki til að vinna á markvissan hátt að hagsmunamálum sprotafyrirtækja. Það væri einnig mikilvægt að geta borið saman bækur sínar annað slagð og rætt málin með óformlegum hætti og taldi að meira mætti gera af slíku. Jón rifjaði upp að stofnendur SSP hefðu verið 15 -20 en nú væru fyrirtækin orðin 33 og varla yrði reiknað með því að þau yrðu mikil fleiri í bráð þar sem flest virkustu sprotafyrirtækin væru nú þegar félagar.

Jón Ágúst nefndi að Sprotapingið hefði verið glæsilegt og sýningarbás SSP hefði vakið verðskuldaða athygli. Ráðstefnan um samskipti fjárfesta og frumkvöðla hefði verið gagnleg og halda þyrfti áfram umræðunni um samskipti þeirra. Jón sagði enn fremur að búið væri að festa fé í samlagssjóði og breyta löggjöf m.a. til að aðilar verði ekki tvískattaðir. Þá mætti nefna að komið hefði verið af stað ferli um stofnun samlagssjóðs, NSA, banka og lífeyrissjóða sem yrði vonandi stofnaður

sem fyrst og hefði 4 -5 milljarða króna til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Nú væri til athugunar hjá samkeppnisfyrirvöldum hvort bankarnir geti allir verið saman í slíku félagi og er beðið niðurstöðu í því efni.

Þá gat Jón Ágúst þess að mikil vinna hefði verið lögð í að undirbúa stofnun Hátækni- og sprotavettvangs sem er eitt mikilvægasta skrefið í að fylgja eftir stefnu og áherslum SSP næsta áratuginn. Það hefði valdið SSP vonbrigðum að það fé sem ætlað er til að efla Tækniþróunarsjóð er mun minna en vonir stöðu til eða aðeins 100 milljónir króna á árinu 2008. Jón Ágúst sagði að vonir stæðu til að hægt yrði að hefja starfsemi vettvangsins eftir áramótin og að í iðnaðarráðuneytinu væri vilji til að koma vettvanginum á laggirnar. Stjórnarmenn létu engan bilbug á sér finna en það sæist best á því að þeir gæfu allir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Hann þakkaði félagsmönnum SSP, stjórninni og starfsmönnum SI fyrir frábært samstarf og góðan starfsanda sagðist hlakka til að vinna með því áfram.

Að loknum formlegum aðalfundarstörfum kynnti Davíð Lúðvíksson hjá SI undirbúning Hátækni- og sprotavettvangs og Halldór Kvaran, framkvæmdastjóri fjármála hjá Fjölbendi fór stuttlega yfir þróunarferli blöndungskerfisins fyrirtækisins. Hann sagði erfitt að fjármagna svona þróunarstarf á Íslandi og það væri ekki síst vinnum og vandamönnum að þakka að fyrirtækið héldi enn lífi en það var stofnað fyrir u.þ.b. 12 árum. Nú er búist við að byrjað verði að framleiða og selja blöndunga í smávælar á næsta ári.

Að því búnu var fundinum slitið, Fjölbendi ehf. þakkað fyrir að hýsa fundinn og léttar veitingar veittar í boði SI í vélasal Fjölbendis.

Davíð Lúðvíksson og Þóra Kristín Jónsdóttir

Spurt og svarað um REACH



Hvaða ábyrgð bera eftirnotendur?

Eftirnotandi er sá sem notar efnin í atvinnustarfsemi, t.d. við framleiðslu á efnablöndum eða hlutum. Hann skal gefa nægilegar upplýsingar um notkunarsvið og efnaálag svo að framleiðandi eða innflytjandi geti gert öryggismat fyrir tiltekið notkunarsvið. Honum er heimilt að uppfæra sjálfur öryggisblöð og öryggisskýrslu fyrir notkunarsvið sitt og getur sótt um leyfi fyrir notkun efna. Eftirnotandi skal tryggja að leyfi fyrir notkun efna nái yfir notkunarsvið hans. Einnig skal hann kynna sér áhættu við notkun efna og fylgja leiðbeiningum um örugga notkun og tryggja að öryggisblöð séu til staðar fyrir starfsmenn sem vinna með efnin. Sömu leiðis skal tryggja að öryggisblöð og upplýsingar um öryggismat fylgi fyrir öll innihaldsefni í efnavörum sem þeir afhenda viðskiptavinum sínum.

Hvert verður hlutverk dreifingaraðila?

Dreifingaraðili er einstaklingur eða lögaðili á EES svæðinu, þ.m.t. smásali, sem geymir og markaðssetur efni eða efnavöru. Hann skal gefa framleiðenda eða innflytjenda nægilegar upplýsingar frá eigin viðskiptavinum um notkunarsvið þeirra og efnaálag vegna öryggismats fyrir notkunarsvið sem máli skipta. Sömu leiðis skal hann sjá um að öryggisblöð séu tiltæk og uppfærð fyrir atvinnurekendur og aðila eftirnotendur.

Hver tekur við skráningum og metur gögn?

Efnastofnun Evrópu metur gögn sem framleiðendur og innflytjendur skila við skráningu efna og leggur til frekari prófanir ef þörf er á. Stofnunin metur einnig hvaða efni þurfa leyfi og leggur til takmörkun á notkun. Auk þess setur hún á fót og viðheldur öpunum gangagrunni með upplýsingum um efni.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að setja upp þjónustuborð þar sem framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og aðrir sem kynnu að hafa áhuga, fá upplýsingar um skyldur þeirra samkvæmt REACH, einkum í sambandi við skráningar. Stofnunin á einnig að sjá um framkvæmd, eftirlit og fræðslu til almenning um hættu sem getur stafað af efnunum og notkun þeirra.

Bryndis Skuladóttir

Gæðastjórnun og IST-30

Nokkrir af opinberum verkkaupum landsins krefja verktaka um svokallaða gæðatryggingu þegar gengið er til samninga um verklegar framkvæmdir. Gæðatrygging er skrifleg lýsing verktakans á áætluðu stjórnunarlegu verklagi hans við tiltekið verk. Þar á að vera að finna skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð stjórnenda verksins, lýsingar á verkferlum og áætlanir sem þeir ætla að vinna eftir við undirbúning og rekstur verkefnisins ásamt sýnishornum af eyðublöðum og vottorðum. Þessi gögn þurfa að liggja fyrir áður en gengið er til samninga og verkkaupinn að meta hvort það verklag, sem verktakinn býður, sé í samræmi við gerðar kröfur. Þessa starfshætti ættu allir verkkaupar að tileinka sér því að þannig geta þeir tryggt góð samskipti verkkaupa og verktaka. Þegar aðalverktakar ráða undirverktaka eru þeir í hlutverki verkkaupa og ættu undantekningarlaust að krefjast þess sama.

Hverjar eru kröfurnar?

Það má ekki vera geðþóttaákvörðun verkkaupans eða fulltrúa hans hvaða kröfur eru gerðar til þess verklags sem verktakinn býður. Við mannvirkjagerð er í flestum samningum krafist að staðallinn IST-30 sé hluti af samningnum. Staðallinn IST-30 er samkomulag markaðarins um samskipti verktaka og verkkaupa við verklegar framkvæmdir. Þess vegna verður verktakinn að byggja verklag sitt og verkkaupinn að rýna gæðatrygginguna í samræmi við ákvæði staðalsins.

Meðfylgjandi upptalningin nær yfir flesta þá liði sem ættu að vera í gæðatryggingu verktaka og sýnir tengingu þeirra við IST-30.

Í útboðum opinberra verkkaupa er oft mælt til að bjóðendur byggji gæðakerfi sitt á staðlinum ISO 9001:2000. Fyrirtæki, sem byggir gæðakerfi sitt á ISO

Ferdinand Hansen
gæðatjóri SI



9001:2000 og er jafnvel vottað sem slíkt, þarf jafnframt að uppfylla staðallinn IST-30 ef hann er hluti af samningnum.

Fyrirtæki, sem er vottað samkvæmt ISO 9001:2000 og gefur yfirlýsingu um að það fullnægi kröfum IST-30, þarf að sýna fram á það í árlegum vottunarúttektum. Við yfirlýsinguna verður IST-30 hluti af ISO 9001:2000 og þar af leiðandi úttektarskyldum hluta gæðakerfis viðkomandi. Þannig fæst staðfesting þriðja aðila á að unnið sé samkvæmt því sem lofað hefur verið.

Hvað með trúverðuleika þeirra sem ekki eru vottaðir?

Þegar verktakafyrirtæki, sem ekki er vottað, leggur fram tilboð um gæðatryggingu þarf verkkaupinn að rýna gögnin og meta hvort þau fullnægja kröfum. Það mat byggist á samningsgögnum og þar með IST-30 ef í hann er vísað. Þetta er bæði flókið og tímafrekt og undirritaður þorir að fullyrða að það er almennt ekki gert með markvissum hætti.

Því má ætla að kröfur um gæðatryggingu nái almennt ekki tilgangi sínum eins og málum er nú háttað. Aðeins í fáum tilvikum hafa verkefnis- og verkstjórar fengið þjálfun í að vinna eftir þeim verklagsreglum sem lýst er í gæðatryggingunni og þess eru allnokkur dæmi að stjórnendur tiltekinna verkefna hafi ekki gert svo lítið að kynna sér gögnin.

Að sama skapi ganga verkkaupar sjaldnast eftir efndum eða þjálfu fulltrúa sína til eftirfylgni. Greinahöfundur hefur orðið

vitni að því þegar fulltrúi verkkaupa og verktakinn þrætta um tiltekið verklag í stað þess að fletta upp í gæðatryggingunni og kynna sér hvaða verklag verktakinn bauð og verkkaupi samþykkti.

Þegar þannig er að málum staðið má fullyrða að gæðatryggingin missi marks og eigi ríkan þátt í því fúski og ósættum sem kvartað er undan í mannvirkjagerð um þessar mundir í stað þess að leysa málin. Og því miður virðist einungis lítil hluti verktaka og verkkaupa þekkja til hlitar innihald IST-30 þó að hann sé í flestum tilvikum hluti af samningi.

Hvað er til ráða?

Ef rýni og eftirfylgni verkkaupa á gæðatryggingunni batnar ekki er ekki heldur von til þess að ástandið batni á næstunni hvað varðar fúsk og ósætti milli verkkaupa og verktaka.

Í mínum huga er aðeins tvennt til ráða:

- að verktakar kynni sér ítarlega kröfur verkkaupa og IST-30. Samræmi verklag sitt því sem þar stendur og skjalfesti í gæðahandbók. Þjálf stjórnendur sína til að fara eftir því og verkkaupar hafi eftirlit með að svo sé gert.
- að fyrirtækjum og verkefnastjórnnum verði boðin vottun eða viðurkenning á að þeir hafi yfir að ráða gæðakerfi sem stenst kröfur verkkaupa og að þeir beiti verklagi við stjórnun sem fullnægir kröfum IST-30.

Aðferðafræðin að baki gæðatryggingarinnar er til þess fallin að komast hjá mistökum. En góð aðferðafræði ein og sér er ekki nóg. Verkkaupar verða að meina það sem þeir gera kröfu um og fylgja því eftir og verktakar verða að standa við það sem þeir lofa og sýna fram á það. Það er ekki nóg að benda á tiltekna aðferðafræði. Það þarf að æfa og þjálfu þá sem eiga að hrinda henni í framkvæmd þar til árangurinn hefur náðst.

Yfirlit gæðatryggingar

Skipurit verkefnis
Starfslýsing verkefnisstjóra
Starfslýsingar iðnaðarmanna og verkafólks
Starfslýsing verkstjóra
Útsendur reikningar og uppsetning
Sköðun verkefnis áður en verk hefst
Dagbók
Eftirlit, dreifing og varðveisla teikninga
Stýring skjala - Gerð verkþöppu
Verkætlun
Eftirlitsáætlun
Meðhöndlun frábrigða

Móttaka efna á vinnusvæði
Öryggismál, vinnuvernd, umhverfismál
Breytingar á samningi

Aukaverk við samning

Grein í IST-30

17
17.1
20.1/20.3/20.3.1/20.5/20.6
17.2
24.5+ / 31 / 31.6
13 / 18.3 / 18.4
13.2.3
14.1+
14.2.1 / 17.6 / 17.11 / 21.1
12.3 / 13.2+ / 24.1
30
14.4 / 18.7 / 20.5 / 20.6 / 20.8 / 20.11 / 21.3 / 24.1 / 24.2 / 24.3 / 24.4 / 25
20.7 / 20.8
18.1 / 18.2+ / 18.6 / 22.4
14.1.1 / 14.4.1 /
16 / 24.1 / 24.2 / 24.3 / 24.4 / 31.2
16 / 20.11 / 24.1 / 24.2 / 24.3 / 24.4 / 31.2

SI

Íslenskur
iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
01. tbl. 14. árg. janúar 2008
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðu: 21.01.2008
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir
Efnisstjórn og umbrót: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Föstudaginn 25. janúar á Grand Hótel Reykjavík:

ÚTBOÐSPING 2008

Verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði

Árlegt ÚTBOÐSPING um verklegar framkvæmdir verður haldið föstudaginn 25. janúar frá kl. 13:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Á þinginu verður gefið yfirlit yfir öll helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Þar gefst verktökum og öðrum einstaktækifæri til að skyggjast inn í verkefnaframboð ársins.

Fundarstjóri:
Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Nánari upplýsingar um Útboðsþing 2008 veita Samtök iðnaðarins í síma 591 0100, netfang arni@si.is

- 13:00 Setning
Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI
Reykjavíkurborg
Óskar Bergsson, formaður framkvæmdaráðs
Framkvæmdasýsla ríkisins
Óskar Valdimarsson, forstjóri FRS
Siglingastofnun
Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs
Landsvirkjun
Björn Stefánsson, deildarstjóri virkjanadeildar
Kópavogsbær
Gunnar Birgisson, bæjarstjóri
- 15:15 Kaffihlé
- 15:45 Hafnarfjarðarbær
Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri
Landsnet
Arni Stefánsson, deildarstjóri eignastýringar
Orkuveita Reykjavíkur
Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri tæknimála
Vegagerðin
Rögnvaldur Gunnarsson, forst.m. framkv.deildar
- 17:15 Fundarlok
Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti að loknu þingi

SI

Samtök iðnaðarins



Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Í samvinnu við:

